



Til sveitarfélaga á Suðvesturlandi

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 3. september 2021
Tilv.: UMH20010657/6.1

Efni: Endurheimt skóga og innleiðing Bonn-áskorunar 2021-2030

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld aukið verulega aðgerðir á sviði landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis. Sérstök áhersla hefur verið á endurheimt íslensku birkiskóganna sem nú þekja um 1,5% af landinu. Í ljósi þessarar áherslu hefur verið ákveðið að taka þátt í alþjóðlegu átaki um endurheimt skóga, Bonn-áskoruninni (e. [Bonn challenge](#)).

Bonn-áskorunin er liður í aðgerðum sem ætlað er að endurheimta gróður- og jarðvegsauðlindina á stórum svæðum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Með verkefninu eru skýr samlegðaráhrif og hægt að mæta mörgum alþjóðlegum áskorunum í einu og sama verkefninu: stemma stigu við loftslagsbreytingum, auka verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sporna gegn landhagnun.

Markmið íslenskra stjórnvalda er að þekja birkiskóga á Íslandi vaxi úr **1,5% í 5% fram til ársins 2030**. Endurheimt skóga verður skipulögð á landslagsheildum í samræmi við þá aðferðafræði sem notuð er innan Bonn-áskorunarinnar og felur m.a. í sér víðtækt samráð og samstarf við hagaðila á hverju svæði. Áhersla er á að endurheimta skóga á illa grónu landi, t.d. svæðum þar sem gróður- og jarðvegseyðing hefur átt sér stað. Innan hvers svæðis getur þó áfram verið fjölbreytt landnotkun, landbúnaður, nytjaskógrækt, byggð o.s.frv.

Íslenska ríkið hefur varið verulega auknum fjármunum í aðgerðir og vinnu á sviði endurheimtar skóga og mun enn bæta í á næstu árum. Allar aðgerðir sem ráðist verður í eru hluti af loftslagsbókhaldi Íslands og teknar út miðað við reglur ESB og Loftslagssamningsins.

Nú liggur fyrir áhugi um 20 sveitarfélaga á þátttöku í þessu verkefni þar sem þegar er hægt að vinna að skipulagi aðgerða. Auk þess eru mörg svæði nú þegar í umsjón ríkisins og annarra þar sem strax má byrja að vinna að endurheimt skóga. Jafnframt hefur verið leitað samstarfs við fyrirtæki og félagasamtök um þátttöku í átakinu. Nú þegar er hafin vinna við að undirbúa verkefni vítt og breitt um landið.

Með þessu bréfi vil ég skora á sveitarfélög á Suðvesturlandi að taka þátt í þessu verkefni. Á Suðvesturlandi er mikið landsvæði sem hentar vel til endurheimtar skóga og fjöldi félagasamtaka og fyrirtækja sem geta tekið þátt í slíkum verkefnum.


Á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september nk., munu íslensk stjórnvöld tilkynna markmið Íslands innan Bonn-áskorunarinnar með formlegum hætti og vonast er til að sem flestir sjái sér

hag í því að styðja við þetta átaksverkefni.

Þau sveitarfélög sem hafa áhuga á að styðja við þetta átaksverkefni er bent á að hafa samband við neðangreinda tengiliði verkefnisins. Undirbúningur verkefnisins hefur verið á hendi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.

Nánari upplýsingar og kynning á verkefninu:

- Hreinn Óskarsson hjá Skógræktinni, hreinn@skogur.is s. 899 1971.
- Gústav M. Ásbjörnsson hjá Landgræðslunni, gustav@land.is s. 863 0127.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson